

## 089/00 - M.s. Baldur Breiðafjarðarferja

Baldur, Breiðafjarðarferja steytir á skeri skammt frá Flatey

### M.s. Baldur Breiðafjarðarferja

**Skipaskr.nr.:** 2044

**Smíðaður:** á Akranesi 1990 úr stáli

**Stærð:** 301,65 brl; 645,00 bt

**Lengd:** 39,40 m **Breidd:** 9,20 m **Dýpt:** 6,60 m

**Vél:** Caterpillar 1.038,00 kW **Árgerð:** 1990

**Annað:**

**Földi skipverja:** 7



Baldur ©Jón Sigurðsson

### Atvikalýsing

Hinn 31. ágúst 2000 kl. 19:31 fór m.s. Baldur frá Brjánslæk áleiðis til Flateyjar og Stykkishólms. Veður norðaustan 3-4 vindstig, sjólítið.

Fátt segir af ferðum skipsins þar til það var þvert af Langey og var stefnan þá laust austan við Brimskeríð. Sigldur hraði var um 11 sml. Á stjórnþalli höfðu verið ásamt vakthafandi skipstjórnarmanni háseti og stýrimaður. Stýrimaðurinn var að bjástra við neftóbaksbæk. Vildi þá ekki betur til en að hann missti neftóbæk úr bæknum niður á kortaborðið. Vakthafandi skipstjórnarmaður fór að aðstoða stýrimanninn við að ná upp tóbakinu af borðinu og útbjó kramarhús til að koma því í bækinn aftur. Ekki gekk vel að koma tóbakinu í bækinn og eitthvað dvaldist vakthafandi skipstjórnarmaður við þetta.

Þegar skipstjórnarmaðurinn sneri sér til að huga að siglingu skipsins því það átti að vera að nálgast Brimskeríð kom í ljós það hafði borið lítils háttar af leið til vesturs og stefndi á Brimskeríð og átti stutt eftir. Skipstjórnarmaður greip þegar í stað til þess að láta báðar vélarnar vinna af fullu afli aftur á bak en gerði sér fulla grein fyrir að skipið myndi lenda á skerinu. Lenti skipið á skerinu en var bakkað frá því fljótlega þar sem aðdjúpt er að því.

Var höggið talsvert þegar skipið steytti á skerinu og við það slösuðust þrjár skipverjar og þrjár farþegar. Voru þegar í stað gerðar ráðstafanir samkvæmt neyðaráætlun og þar með tilkynnt um atburðinn til útgerðar. Við athugun á skemmdum kom í ljós að gat var á stafnhylki. Var skipinu siglt til Flateyjar þar sem frekari skoðun fór fram á skipinu en síðan var því siglt til Stykkishólms.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjórnarmaður taldi að straumur hafi borið skipið af leið en stórstreymt var, vesturfall, Höfuðdagsstraumur;
- að siglingaleið skipsins liggur mjög nærri Brimskerinu eða í um 25 metra fjarlægð;
- að um borð voru 11 farþegar og 7 skipverjar;
- að ekki er nema einn maður á vakt á stjórnþalli skipsins þegar það er á siglingu milli hafna;
- að sögn skipstjórnarmanna virkaði neyðaráætlun skipsins eins og til var ætlast. Unnið var samkvæmt skilgreiningu um hættuástand en ekki neyðarástand.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök strandsins sé óaðgæsla við stjórn og siglingu skips.

Atvik þetta sýnir nauðsyn þess að skipstjórnarmenn sinni engum öðrum störfum á stjórnþalli en þeim er varða stjórn og siglingu skips. Allt er veldur truflunum á stjórnþalli s.s. óþarfa umferð manna og annað sem leitt getur athygli skipstjórnarmanns frá stjórnun skipsins skal forðast.

Nefndin telur að ástæða sé til að hafa tvo menn á vakt á stjórnþalli á farþegaferjum, skipstjórnarmann og háseta eða annan skipverja, þegar skip er á siglingu milli hafna og að aðstoðarmanni, háseta eða öðrum, sé gerð grein fyrir starfsskyldum hans á stjórnþalli, þ.e. að fylgjast með öllu sem verður á leið skips og tilkynna skipstjórnarmanni ef eitthvað athugasvert verður á leið þess